

Árangurskönnun Atvinnuþróun og nýsköpun


NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR UM ÁRANGURSMAT STYRKTRA VERKEFNA Í
UPPBYGGINGARSJÓÐI SUÐURLANDS SEM UNNIN VORU Á ÁRINU 2018

Inngangur

- Könnun þessi fjallar um árangur og þjónustu er tengjast verkefnum sem hlotið hafa styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands.
- Könnunin er send út á alla þá styrkþega sem hlutu styrk úr atvinnuþróunar- og nýsköpunarhluta Uppbyggingarsjóðs Suðurlands árið 2018 og hefur öllum verkefnum verið lokið á einn eða annan hátt.
- Könnun þessi var send út á samtals 54 styrkþega og fengust svör frá 23 eða samtals 42,6% svörun.
- Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 6.-22. október, sendar voru út tvær áminningar.
- Eins og undanfarin ár gekk verr að fá svör úr flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar en menningu og höfum við ekki skýringu á því.


Flokkur verkefna og árleg velta

Hvaða flokki verkefna tilheyrir þitt verkefni?




Flestir þeirra sem svara eru með verkefni sem tilheyra flokki matvæla (39%) og þá ferðapjónustu (26%)

Vor eða haust? Hér er spurt hvenær verkefnið hlaut styrk. Aðeins fleiri svarendur hlutu styrk að vori en að hausti.



Hver var árleg velta á síðasta ári?




Lok styrkveitingar, styrkupp hæð og árleg velta

Af þeim svöruðu könnuninni luku nær allir styrkveitingu með lokaskýrslu. Aðeins einn fór ekki af stað og var styrkveitingin felld niður. Styrkupp hæð flestra verkefna var á bilinu 501 þúsund – 1 milljón

Hvernig lauk styrkveitingunni?

Verkefni fór ekki af stað og styrkveiting felld niður


4.35% (1)




Styrkveitingu lauk með lokaskýrslu

95.65% (22)

Hver var upphæð styrksins sem verkefnið hlaut?




Hver var árleg velta á síðasta ári?




Velta

Ánægjulegt er að sjá hveru margir þeirra sem svöruðu könnunni telji að styrkveiting á vegum SASS hafi eða muni eiga þátt í að auka veltu og að nú þegar hefur velta aukist hjá yfir 40% styrkþega.

Eftir að vekefni lauk hefur velta aukist?




Telur þú að styrkveiting á vegum SASS hafi eða muni eiga þátt í að auka veltu?




Hagnaður

Niðurstöður þegar spurt er um hagnað eru svipaðar veltunni, meirihluti styrkþega telur að styrkveiting muni eða hafi átt þátt í að auka hagnað þeirra.

Eftir að vekefni lauk hefur hagnaður aukist?




Telur þú að styrkveiting á vegum SASS hafi eða muni eiga þátt í að auka hagnað?




Störf og stöðugildi

Þegar spurt er um hvort stöðugildum hafi fjölgað eftir að verkefni lauk svara 13% að svo sé. En 43% telja að styrkveiting hafi átt þátt í að skapa störf. Störfin sem skapast hafa eru af ýmsum toga, bæði sem krefjast sérmenntunar og ekki.


Eftir að verkefni lauk hefur stöðugildum fjölgað?



Hefur styrkveiting á vegum SASS átt þátt í að skapa störf?




Hvers konar störf hefur styrkveitingin aðallega skapað?




Þróun frumgerðar og áætlanagerð

Hefur styrkveiting á vegum SASS skilað sér í þróun frumgerðar vöru og/eða þjónustu?




Hefur styrkveiting á vegum SASS skilað sér í gerð viðskiptaáætlunar og/eða hagkvæmnikönnunar?




Ný vara/þjónusta, aukin markaðssókn og einkaleyfi

Um 87% telja að styrkveiting á vegum SASS hafi leitt til eða gera ráð fyrir að hún muni leiða til þess að ný vara eða þjónusta var eða verði sett á markað


Hefur styrkveiting á vegum SASS leitt til þess að ný vara eða þjónusta var sett á markað?



Hefur styrkveiting á vegum SASS leitt til aukinnar markaðssóknar?



Hefur styrkveiting á vegum SASS þegar leitt til einkaleyfis?




Árangur, stærð og fjöldi styrkveitinga


Flestir styrkþegar eru sammála því að stærð og fjöldi styrkveitinga á að ráðast af eðli umsókna/verkefna hverju sinni.

Mikill meirihluti er sammála því að halda eigi í fjölda úthlutana á ári, þ.e.a.s. eina að vori og eina að hausti. Flestir telja að árangur verkefnis með tilliti til markmiða sjóðsins hafi verið frekar eða mjög góður.


Hvernig metur þú árangur á verkefninu með tilliti til markmiða sjóðsins um að „efla fjölbreytileika atvinnulífs og styðja við atvinnuskapandi- og/eða framleiðniaukandi verkefni á Suðurlandi“?



Hvað lýsir almennt best skoðun þinni á stærð og fjölda styrkveitinga til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna á Suðurlandi?



Hver er þín skoðun á viðeigandi fjölda úthlutana á hverju ári?




Ánægja styrkþega


Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með:

Ánægjulegt er að sjá að flestir eru frekar eða mjög ánægðir með styrkveitingar, handleiðslu, eftirfylgni og útgreiðslu styrkja á vegum SASS. Það eru þó nokkrir sem eru hvorki ánægðir né óánægðir og þar eru flestir þar sem spurt er um útgreiðslu styrkveitinga og ber að skoða hvort bæta megi úr því. Einnig hefur þeim aðeins fjölgað m.v. tölur síðasta árs sem eru hvorki né, frekar eða mjög óánægðir með styrkveitinguna og handleiðslu SASS.


styrkveitingu á vegum SASS?



handleiðslu og eftirfylgni ráðgjafa á vegum SASS?




útgreiðslu styrkveitinga?



Stuðningsþjónusta

Niðurstöður þegar spurt um hvort þörf eru á aukinni stuðningsþjónustu við frumkvöðla og fyrirtæki eru afgerandi og telja langflestir þörf vera á aukinni þjónustu. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fyrri ár og eru fimm efstu atriðin sem nefnd eru þau sömu og í fyrra með örlítið breyttri röðun. Aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun ásamt aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði trónir þó á toppnum líkt og í fyrra.

Finnst þér þörf á aukinni stuðningsþjónustu við frumkvöðla eða fyrirtæki?



Hvers konar stuðningsþjónustu finnst þér helst vanta? (Hér má haka við fleiri en einn valmöguleika)

ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun	56.52%	13
▼ Aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði	52.17%	12
▼ Aðgengi að fræðslu og þekkingu	47.83%	11
▼ Aðstoð við markaðsmál	43.48%	10
▼ Handleiðslu í nýsköpun	34.78%	8
▼ Aðstoð við gerð styrkumsókna í Uppbyggjarsjóð	30.43%	7
▼ Handleiðslu og ráðgjöf	26.09%	6
▼ Þróun vöru og þjónustu	13.04%	3
▼ Aðstoð við rekstur og stjórnun	13.04%	3
▼ Aðstoð við einkaleyfisumsóknir	13.04%	3
▼ Annað, þá hvað	Responses	13.04%
▼ Eftirfylgni styrkveitinga	8.70%	2
▼ Aðstoð við stofnun fyrirtækja	8.70%	2
▼ Aðstoð við útflutning	4.35%	1
▼ Upplýsingaþjónusta	4.35%	1
Total Respondents: 23		

Annað sem styrkhafar vildu koma á framfæri

Mitt mat er að styrkir sem þessir vega þungt fyrir smáframleiðendum.

Útfærsla og möguleikar verkefnisins míns voru settir upp og framkvæmdir en það stoppaði á landeiganda að fá leyfi til að selja sem afþreying í ferðapjónustu. Við náðum ekki að komast fyrir það og teikna upp önnur skref. Við notuðum samt sem áður þessa vinnu til að útfæra hópefli fyrir íslensk fyrirtæki sem gekk mjög vel fyrir tíma COVID.

Lágir styrkir eru því miður ekki hvetjandi. Mikil skriffinska fyrir lágar upphæðir gera mig afhuga því að sækja um. Eins þykir mér súrt í broti hversu atvinnuþróunarmiðað þetta er - ekki ein spurning hér að ofan snýr að list og menningu!

Ég tel að það væri eðlilegra að styrkir til verkefna þurfi að vera í meiri takt við umsóknina. Í mínu tilviki fengum við tæplega helming þeirrar upphæðar sem að við óskuðum eftir og þurftum þess vegna að taka ýmsa þætti út og minnka verkefnið og misstum þannig af samlegðaráhrifum þar á milli. Þannig að þó svo að verkefnið hafi gegnið vel þá varð ekki af fjölgun á störfum þar sem framleiðslan náði ekki flugi með aðeins hálfu verkefnið. Þannig held ég að fjármunum hefði verið betur varið að styrkja hvert verkefni meira til að tryggja betur framhald verkefnissins eftir að styrkveitingu lýkur. Annars fellur styrkurinn dauður...

Kærar þakkir fyrir okkur

Niðurstaða

Niðurstaða könnunarinnar er mjög svipuð niðurstöðum árangurskannana síðustu ára.

Almennt eru verkefni að ganga vel og styrkþegar flestir frekar eða mjög ánægðir.

Eins undanfarin ár er greinilegt að styrkþegar telja þörf á aukinni stuðningsþjónustu og eru það sömu 5 flokkarnir sem standa upp úr, þeir eru: aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun, aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði, aðgengi að fræðslu og þekkingu, aðstoð við markaðsmál og handleiðsla í nýsköpun.

Undanfarið ár hefur SASS unnið að nýrri ráðgjafasíðu sem verður komin upp á næstu vikum en þar verða enn ítarlegri upplýsingar og meiri fræðsla en verið hefur. Einnig hefur verið bætt við þeim möguleika að spjalla við ráðgjafa í spjallboxi á síðunni ásamt því að hægt er að panta ráðgjöf í gegnum heimasíðu SASS. Vonumst við til að þessir þættir ásamt fleirum sem verið er að vinna að hjá SASS verði til þess að mæta eftirspurn styrkþega hvað varðar meiri stuðningsþjónustu.